

A, a, a hvað amma er góð - Aa


(Í skóginum stóð kofi einn)

A, a, a hvað amma er góð,
afi er líka gæðablóð.

Afi segir a, a, a,
Amma svarar: Ha?

Amma segir: Alli minn,
Alli, þú ert besta skinn.

Alli segir a, a, a,
Amma svarar: Tja.



a

Músin mjúka - Mm

(Þumalfingur, þumalfingur)

Músin mjúka
Má hún fá
Í magann sinn
Meiri ost, meiri ost?
M,m,m,m,m,m.

Músinn maular
Mjúkan ostinn.
Má ég fá
Mjúkan ost, músarost
M,m,m,m,m,m.



m

Blása sápuvíkur - Bb

(Inn og útum gluggann)

Blása sápuvíkur,
blása sápuvólur.
Blása, mása og blása
b, b, b, b, b.



b

Sjá þær úti svífa
sjá þær hærra klífa.
Blása, mása og blása
b, b, b, b, b

Nudda á sér nefið - Nn

(Ríðum heim að Hólum)

Nudda á sér nefið
n,n,n, mig kitlar svo.
N,n,n,n, nebbanudd,
núna lagar kvefið



n

Nefið er með nasir,
nös og nös, þær eru tvær.
Spegilinn ég næ í nú,
nefið við mér blasir.

Úti drjúpa dropanir - Dd

(Krummi svaf í klettagjá)

Úti drjúpa droparnir,
detta og sletta soparnir,
heyrist í þeim d, d, d,
þeir detta, sletta og skvetta.



d

Kiddi og Edda dansa dátt,
d, d, d, þau kalla hátt
þegar þau heyra þetta,
já, heyra dropa detta.

Íris kallar - Íí-Ýý

(Fuglinn segir)

Íris kallar í,í,í
í hvað þetta er gaman.
Ívar botnar ekkert í,
í öllu þessu saman.



í

Úlla hrópar ú, ú, ú - Úú

(Yfir kaldan eyðisand)

Úlla hrópar ú,ú,ú
ú er skráð á spjöldin.
Uglan segir ú-hú-hú
úti seint á kvöldin.



ú

Viltu hlusta á vindinn - Vv

(Inn og út um gluggan)

Viltu hlusta á vindinn,
varla er hann neitt fyndinn.
Vindurinn að vestan
v, v, v, v, v.



v

Úti er vonsku veður,
veðrið engan gleður.
Úti væla vofur:
vú, vú, vú, vú, vá.

Jeppinn fór á jökulinn - Jj

(Í skóginum stóð kofi einn)

Jeppinn fór á jökulinn,
Jórunn hún var bílstjórinn,
j, j, spólar jeppinn þar,
í jökli fastur var.



j

Jepinn upp á jökuli sat,
j, j, spólar á sig gat.
Jórunn ofan jökli gekk,
jeppann vantar dekk.

Hott hott á hesti - Hh

(Göngum göngum)

Hott, hott á hesti,
hesturinn minn besti,
hlauptu og stöktu h, h, h.

Blesi og Skjóna
reka upp hrossahlátur:
Ho, ho, hah, hah, h, h, h.



h

Edda hugsar e, e, e - Ee

(Fuglinn segir)

Edda hugsar e, e, e,
e, e, e, ég held ég sé
ekki best í þessu,
ég er með flest í klessu.



e

Ef þú ferð að ulla á mig - Uu

(Fuglinn segir)

Ef þú ferð að ulla á mig,
u, u, ljóti Tóti.
U, u, u ég ulla á þig,
ég ulla bara á móti.



u

Lubbi er að lita - Ll

(Ríðum heim að Hólum)

Lubbi er að lita,
loftið blátt og gula sól,
lögguhúfu, lamb og stól,
l, l, l, l lita

Litar hann og litar
litar grænt og raut og blátt,
litar dökkt og ljóst og grátt,
l, l, l, l litar.



Hænan segir gagga gagg - Gg (Þumalfingur, þumalfingur)

Hænan segir gagga gagg,
Í goggin fær
grjónagraut, grjónagraut
g, g, g, g, g, g, g, g.

Haninn segir gaggalagó
og galar hátt:
Gefðu mér, gefðu mér
g, g, g, g, g, g, g, g.




Fiðrildi, fiðrildi - Ff

(Kisa mín)

Fiðriðldi, fiðrildi
flögrar úti í haga,
f, f, f-f, f, f,
Flýgur alla daga.

Fiðrildi, fiðrildi
Fýkur út í vindi.
F, f, f-f, f, f,
flýgur heim í skyndi.



Illa hnýtir Indriði - Ii-Yy

(Yfir kaldan eyðisand)

Illa hnýtir Indriði
á sig fína bindið.
Imba flissar i hi,hi,
i hi, þetta er fyndið.



i

Oddur segir oho oh - Oo

(Yfir kaldan eyðisand)

Oddur segir oho ho,
O, ég þarf að fara.
Olga svara: So, so, so,
So, so, farðu bara.



o

Sjáðu poppið poppa - Pp

(Hjólin á strætó)

Sjáið poppið poppa
p, p, p,
hoppi- popp
skoppi-popp
poppa, hoppa og skoppa
p, p, p,
pompa niður á gólf.




p

Poppa úr poka og potti
p, p, p,
poka-popp
potta-popp
poppa úr poka og potti
p, p, p,
poppar upp í loft.

Tomm-tomm tommu - Tt

(Göngum göngum)

Tomm-tomm tommu,
Tumi slær á trommu,
t, t, t, t,
tromm, tromm,
tromm.



t

Trumm, trumm, trumbu,
berjum fast á bumbu,
t, t, t, t,
tromm, tromm,
tromm.

Kónguló, kónguló - Kk

(Kisa mín)

Kónguló, kónguló,
Kann svo vel að spinna,
kraftapráð, k, k, k,
Klár er hún að tvinna.



k

Kónguló, kónguló,
kendu mér að vefa.
Komdu nú, k, k, k,
komdu og hættu að þrefa.

Ögn er bæði súr og svekkt - Öö


(Sigga litla systir mín)

Ögn er bæði súr og svekkt,

Sömuleiðis Össi.

Ö, hvað þetta er ömurlegt,

Ö,ö, segir Bjössi



ö

Á, á hrópar Ási Sig - Áá

(Sigga litlir systir mín)

Á, á, hrópar Ási Sig,

Á, á, þvílíkt bjástur.

Á, á, á, ég meiddi mig,

Má ég fá plástur?



á

Upp í lofti þotan þýtur - Þþ

(Hjólín á strætó)

Uppi í lofti þotan þýtur,

þotan þýtur,

þotan þýtur.

Upp í lofti þotan þýtur

þ, þ, þ, þ, þýtur.


Þórður upp í loftið lítur,

loftið lítur,

loftið lítur,

sér þar hvernig þotan þýtur

þ, þ, þ, þ, þýtur.



þ

Börnin renna sér og róla - Rr

(Tumi fer á fætur)

Börnin renna sér og róla
og reyna að flýta sér
og þau rugga, rúlla og góla
í rigningunni hér.

Já, þau róla sér og renna,
renna á skautum hér.

já, þau róla sér og renna

r, r, r, r, r, r, r.



r

Viti þið hvernig lúðunni líður? - Þð

(Lóan er komin)

Vitið þið það hvernig lúðunni líður?

Lúðunni góðu sem þið hafið séð.

Meðan hún niðri á botninum bíður,

böðuð í vaðandi ð, ð, ð, ð, ð.

Lúðan í stuðið er boðin og búin,
biður um eitthvað að dúða sig með.

Niður á púðann svo liðast hún lúin,

loðmælt og suðandi ð, ð, ð, ð, ð.



ð

Sögin er að saga - Mjúka g

(Nú skal syngja um lömbin)

Sögin er að saga,

að saga er hennar fag,

hún er að saga og saga,

hún sagar oft á dag:


Sag-sag, sag-sag-SAG.

Sag-sag-sag, sag-sag-sag-sag-sag.

Sag-sag-sag, sag-sag-sag-sag-sag.

Sag-sag-sag, sag-sag-sag-sag-sag.

Saga og saga í dag.




mjúka g

Pegar Ævar æjar sér - Ææ

(Sigga litla systir mín)

Pegar Ævar æjar sér
enginn fær að hlæja.
æ, æ, segir Ævar hér,
Æ, æ, æ, - æ jæja.



æ

Einar segir vei, vei - ei-ey

(Sigga litla systir mín)

Einar seigir vei, vei, vei,
Vei, ég heyri meira!
Evyi segir sei, sei, nei,
Segðu ekki fleira.



ei

Við hjólum öll með hjálma - hj

(Það búa litlir dvergar)

Við hjólum öll með hjálmana
hj, hj, hér.
Hjördís hjálpar Pálma,
hver hjálpar mér?
Hj, hj, hér við hjólum öll
með hjálmana um víðan völl.
Hjalti er á hjólinu með hjálm á sér,
allir bara hjóla og hjóla
hj, hj, hér.



hj

Hlaupa út í hlöðuna - hl

(Sigga litla systir mín)

Hlaupa út í hlöðuna,
hlamma sér í töðuna,
hl, hl, hl,hl, hlæja,
Hlöðver segir: jæja.

Hlaupa úti á hlaðinu,
hlæja að skrípablaðinu,
hlaupa bara og hlæja,
hl, hl, hl, ojæja.



hl

Hringjum oní Hrútafjörð - hr

(Litlu andarunganir)

Hringjum oní Hrútafjörð
hring-hring, hring-hring, hring,
hring-hring, hring-hring, hring.
Hringjum í hann Hreiðar
hringa-linga, hringja-ling.
Hringjum í hann Hreiðar
hr, hr, hringa-ling.

Hringjum svo í Hrafnhildi
hring-hring, hring-hring, hring,
hring-hring, hring-hring, hring.
Loks í Hrund og Hreggvið
hringa-ling, hringja-ling.
Loks í Hrund og Hreggvið
hr, hr, hringa-ling.



hr

Kisa hnuplar hnyklinum - hn

(Bjarnastaðabeljunar)

Kisa hnuplar hnyklinum,
hnoðar hann í klessu,
hnusar hún af hnyklinum
og hnerra fær af þessu.
Hnerri-hnerri-hnerr,
hnerri-hnerri-hnerr,
hnerrar hún hn, hn, hnerr.



hn

Ótal sinnum ó, ó, ó - Óó

(Yfir kaldan eyðisand)

Ótal sinnum ó, ó, ó,
Óli var að góla.
Heyrir enginn ó, ó, ó.
ó, ó, ó frá Óla?



ó

Auðunn er að sauma saum - au

(Yfir kaldan eyðisand)

Auðunn var að sauma saum,
Saumar daga og nætur.
Voðalega er Auður aum,
au, au, au, hún grætur.



au